# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 119/2009.**

1. gr.

Í stað 16. málsl. 2. gr. komi nýr málsliður sem hljóði svo:
Viðskiptabann tekur til innflutningsbanns, útflutningsbanns og sölubanns á hlutum og þjónustu.

2. gr.

Í stað a-liðar 1. mgr. 5. gr. komi nýr stafliður sem hljóði svo:

a) sölu, útvegun, flutning eða útflutning á hergögnum sem eru:
   - ekki lífshættuleg og eingöngu eru ætluð í mannúðar- eða verndarskyni,
   - á vegum Sameinuðu þjóðanna, friðargæslusveita þeirra eða hafa verið heimiluð af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna,
   - á vegum íslenskra stjórnvalda eða annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins,

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 23. mars 2010.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Einar Gunnarsson.*

B-deild – Útgáfud.: 9. apríl 2010